

ÚTHLUTUNARREGLUR

Fræðslu- og starfsþróunarsjóðs Tollvarðafélags Íslands (FS TFÍ)

1. Einstaklingar

a. Hverjir eiga rétt á að sækja um styrki úr Fræðslu- og starfsþróunarsjóði TFÍ?

Rétt til að sækja um styrki úr Fræðslu- og starfsþróunarsjóði TFÍ hafa félagsmenn Tollvarðafélags Íslands sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 12 mánuði frá upphafsdegi verkefnis að telja.

b. Styrkhæfi verkefna

- i. Viðurkennt/gæðavottað nám og námskeið
- ii. Tungumála- og upplýsingatækninám og námskeið
- iii. Ráðstefnur

Sé nám eða námskeið erlendis skal rökstuðningur um staðarval fylgja með umsóknarbeiðni.

c. Hvað er styrkt?

- i. Skólagjald
- ii. Námskeiðsgjald
- iii. Ráðstefnugjald
- iv. Ferðakostnaður (flug, almenningssamgöngur og gistikostnaður)

d. Styrkfjárhæð

- i. Fullur styrkur nemur 250.000¹.- kr. Stjórn Fræðslu- og starfsþróunarsjóðs áskilur sér rétt til að meta styrkhæfi hverrar umsóknar og þar með þá fjárhæð sem veitt er hverju sinni.

e. Greiðsla styrks

Greiðsla er innt af hendi gegn framvísun frumrits reiknings eða ígildi þess. Styrkir eru að jafnaði greiddir út í lok hvers mánaðar, eins fljótt og aðstæður leyfa hverju sinni.

f. Fyrning styrkloforða

Greiðsla styrks er háð því að reikningur berist innan þriggja mánaða frá því að greiðsla var innt af hendi.

g. Styrkir í fæðingarorlofi, við atvinnumissi og í langtímaveikindum

¹ Hækkun styrkuppþæðar samþykkt á fundi stjórnar sjóðsins 12.05.2020. Bókað í fundargerð að þegar staða sjóðs fer niður í 10. milljónir mun stjórn sjóðsins endurskoða styrkuppþæð.

i. Fæðingarorlof

Aðildarrof í fæðingarorlofi skerðir ekki möguleika á styrk enda sé stéttarfélagsgjald greitt á fæðingarorlofstímabili.

ii. Atvinnumissir

Við atvinnumissi halda félagsmenn réttindum í allt að 6 mánuði.

iii. Langtímaveikindi

Félagsmenn halda réttindum sínum fyrir það tímabil sem þeir fá greidda sjúkradagpeninga frá Styrktarsjóði BSRB.

iv. Endurhæfingarlífeyrir

Þeir sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri frá TR halda réttindum í allt að 12 mánuði.

h. Aðildarlok

Aðild félagsmanna að Fræðslu- og starfsþróunarsjóði TFÍ lýkur þegar greiðslum iðgjalda er hætt.

2. Stofnanir

a. Hvaða stofnanir geta sótt um styrk úr Fræðslu- og starfsþróunarsjóði TFÍ?

Þær stofnanir sem greiða iðgjöld til sjóðsins vegna félagsmanna Tollvarðafélags Íslands geta sótt um styrk úr Fræðslu- og starfsþróunarsjóði TFÍ.

b. Styrkhæfi verkefna

Verkefni þurfa að falla að markmiðum stofnunar í starfsþróunarmálum tollvarða og taka eingöngu til starfsmanna sem iðgjöld eru greidd fyrir til Fræðslu- og starfsþróunarsjóðs TFÍ. Ekki eru styrkt verkefni sem eru hluti af reglubundinni starfsemi stofnunar heldur þarf að vera um sérstaka nýbreytni og nýsköpun að ræða. Stjórn Fræðslu- og starfsþróunarsjóðs TFÍ áskilur sér rétt til að hafna styrkbeiðni ef umsókn telst ekki fullnægjandi að mati stjórnar.

c. Styrkfjárhæð

Stjórn Fræðslu- og starfsþróunarsjóðs TFÍ ákvarðar hverju sinni hvaða fjármagni verður veitt í styrki til stofnana í samræmi við áherslur stjórnar hverju sinni.

Stjórn Fræðslu- og starfsþróunarsjóðs TFÍ

6. október 2017